



Næturverðir bæjarins - Reikevigs Vægtervæsen 1791-1813

Aðfnr. 1372, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reglur um meðferð elds í Reykjavík 1773.

Í tilefni af eldsvoða þeim, sem átti sér stað hér í Reykjavík aðafararnótt 18. október sl. í húsi Jón Hallssonar, eru starfsmenn Innréttinganna og allir aðrir, sem búa hér í nágrenninu, áminntir um eftirfarandi til eftirbreytni framvegis:

Að hver og einn sýni ítrustu gætni við meðferð elds og ljóss, jafnt í húsum Innréttinganna sem í bæjum sínum. Einkum þó að enginn fari eða láti börn sín eða vinnufólk fara með óbirgðan eld milli húsa og bygginga Innréttinganna eða milli bæja, annað hvort í torfi eða með öðrum gáleysislegum hætti eins og hingað til hefur oft hent.

Verði einhver staðinn að því að fara svo gáleysislega með eld hér eftir, getur hann búizt við því, að honum verði refsað. Í fyrsta skipti, sem einhver verður staðinn að því að bera óbirgðan eld milli húsa, skal hann greiða 10 fiska í sekt, í annað skipti 20 fiska. Helmingur sektarinnar skal renna til þess, sem kærir, og hinn helmingurinn til fátækra. Verði einhver staðinn að því í þriðja sinn að fara svo óvarlega með eld, getur hann búizt við því að verða kærður fyrir æðstu yfirvöldum landsins og að hljóta hörðustu refsingu samkvæmt eðli málsins.

Reykjavík árið 1773

H.C. Christensen.

Copie ud af den Extract som
afg. Kiöbmand Hans Christensen
har afgivet til Kiöbmand Suncken-
berg, angaaende Forsigtig Omgang
med Ild og Lys i Reikevig samt
Instruxion for Vægterne sammestæds.

J anledning af sidste opkomne Jldbrand her i Reikevig natten i
mellem den 17^{de} og 18^{de} October næst afvigte, udi John Halssens
Kolge huus eller kiökken, bliver enhver saa vel af Fabriqvns
Betientere og arbeidsfolk, sem alle andre her nær om kring boende
for eftertiden, Saaleedes her ved advaret.

At enhver for Sig ej alleene med den allerstörste forsigtighed bör
omgaaes udi Fabriqvns huuse og deres Bayer med Ild og Lys for
Jldsvaade og der af flydende Skade udi beste hensigt maatte fore-
kommes. Me i Særdeeshed at ingen under staaer Sig, enten Selv
eller ved deres Börn og Vinne Folk, at bære eller lade gaae med
Jldsen see löselig og utilladelig mellem Jindretningernes tilhör-
ende huuse og Bygninger eller fra en Baj til anden, som hid til
af mange er skeet, enten udi Törv eller paa anden uforsigtig Maade,
for der ved Jld Jldulykke og Skade at see afværget, saa vel for
Indretningernes tilhörende som for enhver i Særdeeshed. Thi
skulde nogen med Jlden saa Skiödeslös befindes, maa de tilregne
Sig Selv al ulejlighed de der ved kan have at vente, da de Sikker-
lig skal vorde eftersat og straffet. Sa som: 1^{de} Gang om nogen
antreffes at bære og gaae med Jlden lös, som ovenmeldt i mellem
huusene bör og skal betale i Böder 10 fiske, 2^{den} Gang 20 fiske,
af samme Böder tilfalder angiveren den halve deel og den anden
halve deel at tilfalde Fattige, hvilke Böder den almindelige Forsorg
vil visselig formaae Övrigheden til at inddrive. Men skulde nogen
der med treffes den 3^{ie} Gang at omgaaes, saa gienstridig og uagtsom
med Jld og Lys maa de vente at vorde haardelig anklagede for landets
höyeste Övrighed og fölgelig kan have störste Straf, som tilbörligt
er, at forvente eftir Sagens Beskaffenhad. Datum Reikevig Anno 1773.

H.C. Christensen.

sbr. Hlekkurinn: Saga Reykjavíkur I. bl. 229
sbr. Guðbr. Jónsson: Lögmenntin í Reykjavík, bl. 31

Þetta slagi var
langt uppi á Hvarnarbrú
í Reykjavík ári 1981.

ERINDISBRJEF VAKTARA

(Útdráttur)

Dýtt úr dönsku

1. Hann skal vera komin á vörð, einkum að vetrarlagi, einni stundu áður en hann hringir klukkunni eða kl. 7, og ekki víkja af verði á morgnana, fyr en eptir kl. 8, þó skal hann eptir því sem nóttin lengist eða styttest, fara eptir þeim skipunum, sem varðumsjónarmenn segja fyrir um.
2. Eptir stundarglasinu hringir hann kirkjuklukkunni eins mörg högg og klukkan er, og skal hann gæta þess vandlega, að glasið stöðvist aldrei, eða stundarákvörðunin verði ónákvæm vegna hirðuleysis hans.
3. Þegar hann hefur hringt stundarhögginn eins og fyrr er mælt, skal hann skyldur að hrópa hvað klukkan sje, og syngja þau ákveðnu vers fyrir utan glugga umsjónarmanna, eins nálægt rúmi þeirra og unt er, og auk þess í miðri götunni, fyrir utan hús mad. Angels, nr. 5, og allrasíðast uppi í Reykjavík milli bæja mad. Brúns og timburmanns Hólms. Þó er honum fullkomlega leyfilegt að hrópa á fleiri stöðum, ef þess er óskað af einhverjum, en þá verða þeir að borga honum sjerstaklega fyrir það.
5. Hann á altaf að vera á gangi eptir því sem veður leyfir, og ekki telja það nóg, að sitja inni alla stundina og einungis hringja klukkunum, syngja versin og ganga einu sinni kring um húsin.
6. Hann skal byrja vöku sína á því að yfirlíta allar öskuhrúgur, og ganga umhverfis hvert hús, og athuga hvort eldur leynist í ösku eða skorsteini, og verði hann nokkurs slíks var, skal hann tilkynna það.
7. Hann á að gæta þess á sumrin, að bryggjur og bátar sjeu settir svo hátt upp, að ekki taki út.
8. Hans ákveðna ganga á að vera þangað til bærinn byggist meira, frá syðsta bænum nr. 23, og fram hjá húsi kaupmanns Mindelbergs, umhverfis hvert hús og öll verzlunarsvæði, og gengur hann þá vestur með fjörinni allt að grjótagarðinum, sem er umhverfis pláss kaupmanns Sunckenbergs.
9. Skyldi hann verða elds var, á hann að vekja fólk í hverju húsi, hrópa upp: eldur, og jafnvel í sífellu hringja með stærstu klukkunni.
10. Hitti hann mann á ferli á götunni eptir háttatíma, á hann að ná fundi hans og krefja hann upplýsinga um, hvað hann sje að gera þar að næturlagi, og vilji hann ekki svara, á hann að vekja fólk og með tilstyrk þess taka manninn fastan.
12. Hann á að afstýra öllum hávaða og ólátum á næturlagi.
14. Hann á altaf að vera ódruggin, vakandi og aðgætinn. Verði hann kærður fyrir skort á þessu, má hann búast við þungri refsingu.
15. Hann skal vandlega geyma þeirra muna, er honum er trúað fyrir, en þeir eru: stundaglas, vaktarayfirhöfn, ljósker og gaddakylfa.





